

Ágætu fundargestir

Það verður ekki annað sagt en að árið 2018 hafi verið viðburðaríkt í rekstri sjóðsins. Fyrstu 10 mánuði ársins leit út fyrir að ávöxtun yrði síst lakari en árið áður, en síðan jókst verðbólga og óvissa og sveiflur á gengi gjaldmiðla gerðu það að verkum að hrein raunávöxtun varð 2,4%, samanborið við 5,8% árið á undan. Það er þó mikilvægt að halda því til haga, að Gildi er langtímafjárfestir og því er rétt að skoða ávöxtunina til lengri tíma. Í því ljósi er ef til vill ekki óeðlilegt að skoða raunávöxtun síðustu 20 ára. Þá kemur í ljós, að meðaltal raunávöxtunar samtryggingarsjóðs er 3,7%. Þegar við skoðum málið í því samhengi, megum við ekki gleyma því að á þessu tímabili varð stórfellt efnahagshrun, sem sannarlega dregur meðaltalið niður.

Í samhengi við efnahagshrunið megum við heldur ekki gleyma því, að undanfarin ár hefur sjóðurinn starfað innan strangra gjaldeyrishafta, sem hafa óneitanlega haft áhrif á svigrúm sjóðsins til að fjárfesta annars staðar en innanlands. Það er rétt að hafa það í huga þegar talað er um stærð og umsvif lífeyrissjóða í íslensku efnahagslífi.

Sjóðurinn stendur styrkum fótum. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris var um áramótin um 556 milljarðar króna. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir rekstartölur ársins, Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri kemur til með að fara nánar yfir þær. Mig langar þó að fara nokkrum orðum um útgreiðslur lífeyris á árinu, vegna þess að í þeim kristallast ákveðin skekkja sem leiðir til óréttlætis gagnvart sjóðfélögum. Þá er ég að tala um örorkubyrðina. Gildi greiddi 4,9 milljarða í örorkulífeyri á árinu, á meðan útgreiðslur ellilífeyris voru 10,2 milljarðar. Skekkjan felst í því, að Gildi er sá sjóður, þar sem sjóðfélagarnir vinna allajafna áhættusömustu störf. Þung örorkubyrði sjóðsins gerir það að verkum, að minna er til ráðstöfunar til greiðslu ellilífeyris, en hjá sjóðum þar sem örorkubyrðin er minni.

Þetta er hrópanði óréttlæti og ríkið hefur í prinsippinu viðurkennt að þetta sé ósanngjarnt, t.d. með því að greiða framlag vegna örorku til þeirra sjóða sem bera þyngstar byrðar vegna örorku, þar með talið til Gildis. Þetta framlag er aftur á móti alls ekki nægjanlega hátt til að jafna stöðu sjóðanna. Hér er verk að vinna.

Því er stundum haldið fram, að lífeyrissjóðir séu óábyrgir í fjárfestingum sínum. Stjórn Gildis hefur tekið sína félagslegu ábyrgð alvarlega, gripið inn í þegar okkur hefur ekki líkað framganga í fyrirtækjum sem við höfum fjárfest í og styrkt regluverk sjóðsins. Það hefur verið unnið að því að formfesta samskipti við stjórnir þeirra félaga sem sjóðurinn á hlut í, með formlegum reglum. Auk þess beitir sjóðurinn sér á hluthafafundum með tillögum og ályktunum, sem snúa meðal annars að jafnræði hluthafa, starfskjarastefnu, og tilnefningarnefndum, svo dæmi séu tekin. Dæmi um bein inngríp af þessu tagi eru þegar gerðar voru alvarlega athugasemdir við starfskjarastefnu N1 sem leggja átti fyrir hluthafafund í september. Þetta leiddi til þess að viðmið greiðslna til stjórnenda voru lækkuð og breytt starfskjarastefna var síðan samþykkt á hluthafafundi. Annað dæmi

er þegar HB Grandi keypti útgerðarfélagið Ögurvík af Útgerðarfélagi Reykjavíkur. Þar sem Útgerðarfélag Reykjavíkur var stærsti einstaki hluthafinn í HB Granda, lagði hluthafafundur til að óháður aðili yrði fenginn til að meta virði Ögurvíkur áður en hluthafafundur staðfesti kaupin. Í mínum huga leiddi þessi aðferðafræði til mun meiri sáttar um niðurstöðuna, en ella hefði orðið.

Öll þessi vinna okkar hefur vakið athygli. Í úttekt Fjármálaeftirlitsins kemur m.a. fram, að Gildi hefur lagt fram meira en helming þeirra tillagna sem lagðar voru fram á hluthafafundum í félögum skráðum í Kauphöllinni, eða 23 af 43. Það leikur lítill vafi á því að Gildi hefur verið brautryðjandi í vinnu af þessu tagi og aðrir sjóðir horfa til þess fordæmis sem Gildi hefur sett.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um rekstrarkostnað sjóðsins, læt Árna það eftir. Ég treysti mér þó til þess að fullyrða, að reksturinn er hagkvæmur og í góðu jafnvægi. Kostnaður af rekstrinum nam á árinu 2018 um 0,16% af eignum, en það er með því allra lægsta sem þekkest. Þetta þýðir að sú þjónusta sem sjóðurinn veitir, kostar hvern sjóðfélaga um 3.600 krónur á ári.

Undanfarin misseri hefur verkefnunum á skrifstofu sjóðsins fjölgað verulega. Lögð hefur verið aukin áhersla á áhættustýringu og síðan hefur orðið sprenging í útlánum til sjóðfélaga. Í lok árs voru lánveitingar á mánuði um 2 milljarðar, sem er svipað því og sjóðurinn lánaði allt árið 2015. Aukinn þrýstingur hefur m.a. leitt til þess að skilyrði fyrir lánveitingum hafa verið þrengd lítillega. Hámarksveðhlutfall var fært úr 75% í 70% og það er ekki útilokað að þörf verði á frekari aðgerðum, þar sem heildarfjárhæð sjóðfélagalána nálgast það hámark sem kveðið er á um í fjárfestingastefnu sjóðsins.

Þá langar mig að fara nokkrum orðum um tilgreinda séreign. Með því að iðgjöld atvinnurekenda hækkuðu úr 12 í 15,5% á árunum 2017 og 18, varð til þessi nýi valkostur fyrir sjóðfélaga. Þeir geta valið hvort hann fer í samtryggingarhlutann að hluta eða öllu leyti, eða hvort þessi 3,5% eru meðhöndluð sem séreignarsparnaður.

Það hefur háð þessu fyrirkomulagi, að ekki hefur verið gengið nægjanlega vel frá lagaumgjörðinni. Ég legg áherslu á að innheimta þessara fjármuna verði í höndum lífeyrissjóðanna. Að öðrum kosti verður erfitt að hafa eftirlit með því að þessir fjármunir skili sér. Það er mikið verk fyrir höndum að kynna þessa leið fyrir sjóðfélögum. Um áramótin höfðu einungis um 700 af um 30 þúsund virkum sjóðfélögum skráð sig í tilgreinda séreignadeild.

Ég hef hér stiklað á stóru í starfsemi Gildis á árinu 2018. Það ætti að vera ljóst, að á vettvangi sjóðsins hefur verið fjallað um mörg stór og krefjandi mál. Stjórnin hefur lagt áherslu á aukið gagnsæi og ábyrgð í fjárfestingum og ákvarðanatöku og ég leyfi mér að halda því fram að Gildi hafi verið í fararbroddi í slíkri vinnu.

Ég tók við formennsku í stjórn Gildis um mitt ár 2018, þegar Harpa Ólafsdóttir, þáverandi formaður hvarf til annarra starfa. Ég hverf nú úr stjórninni á þessum aðalfundi. Stjórnarsetan og formennskan hafa verið krefjandi viðfangsefni. Samstarf við aðra stjórnarmenn og starfsfólk sjóðsins hefur aftur á móti verið með miklum ágætum, gefandi og ánægjulegt í senn. Þeim öllum kann ég bestu þakkir fyrir samstarfið.

Að lokum vil ég óska starfsfólki sjóðsins og væntanlegri stjórn velfarnaðar í mikilvægum störfum í framtíðinni.